

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

28. fundur.

að Hlíðavegi 6, 22. nóvember 2007, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. H.S.P. styrkbeiðni.
3. Erindi frá Rúnari Þórarinssyni form. svæðisráðs Vatnajökulsþjóðgarðs, ósk um lóð undir gestastofu fyrir þjóðgarðinn.
4. Erindi frá Landsvirkjun dags. 7. nóv. ósk um leyfi til að flytja fyrirhugaða rannsóknarborholu KJ-37 á annan borteig.
5. Fundargerð Samvinnunefndar um svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum dags. 8. nóv. Þar sem óskað er eftir samþykki sveitarstjórnar við fyrirbyggjandi svæðisskipulagstillögu, með þeim breytingum sem greint er frá í fundargerðinni.
6. Deiliskipulag við Dimmuborgir.
7. Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2007.
8. Snorraverkefnið, styrkbeiðni.
9. Snow Magic, styrkbeiðni.
10. Ákvörðun útsvarsprósentu.

Til kynningar:

Bréf Landgræðslu ríkisins dags. 22. október.

Boð á ársfund Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga 29. nóv. n.k.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli 9 og 10, yrði bætt á dagskrána. Samþykkt samhljóða.

2. H.S.Þ. styrkbeiðni.

Borist hefur erindi frá framkvæmdastjóra H.S.Þ., Önnu Gerði Guðmundsdóttur, þar sem hún fer þess á leit við sveitarfélögin sem standa að Héraðsnefnd Þingeyinga að þau greiði áfram styrk til H.S.Þ. með svipuðum hætti og var á meðan Héraðsnefndin sá um að innheimta styrkinn af sveitarfélögunum. Því hefur háttað þannig til eftir breytingar á starfsemi Héraðsnefndar að styrkurinn lagðist af. Jafnframt er óskað eftir viðræðum við sveitarstjórn um samning til næstu þriggja ára. Sveitarstjórn samþykkir að styrkja H.S.Þ um kr. 260.000. Enn fremur lýsir sveitarstjórn sig reiðubúna til viðræðna um framhaldið.

3. Erindi frá Rúnari Þórarinssyni form. svæðisráðs Vatnajökulsþjóðgarðs, ósk um lóð undir gestastofu fyrir þjóðgarðinn.

Borist hefur erindi frá Rúnari Þórarinssyni form. svæðisráðs Vatnajökulsþjóðgarðs á svæði 1. Í bréfinu kemur fram að fyrir dyrum standi arkitektasemkeppni um hönnun fjögurra gestastofa fyrir væntanlegan Vatnajökulsþjóðgarð. Ein gestastofan verður byggð í Mývatnssveit og því brýnt að fá úthlutað lóð sem sé vel í sveit sett. Svæðisráðið bendir á þrjá hugsanlega valkosti varðandi staðsetningu þ.e. við gatnamót Austurlandsvegur og Hraunvegur, vestan við Múlaveg 1, norðan Austurlandsvegur eða við Skútustaði. Með staðsetningunni telur svæðisráð að mikilvægt sé að horfa til tengimöguleika við gestastofuna fyrir Mývatnssveit og Laxá eða hugsanlega Rannsóknarstöðina við Mývatn. Óskað er eftir lóð undir 600 m². byggingu. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu erindisins.

4. Erindi frá Landsvirkjun dags. 7. nóv. ósk um leyfi til að flytja fyrirhugaða rannsóknarborholu KJ-37 á annan borteig.

Með bréfi dags. 7. nóvember, óskar Landsvirkjun eftir leyfi til að flytja fyrirhugaða rannsóknarborholu KJ-37 yfir á annan borteig innan núverandi vinnslusvæðis Kröflustöðvar, borteig KJ-16 í Suðurhlíðum. Stækka þarf borteig KJ-16 um 2000 m² til að rúma nýja holu. Þá upplýsir Landsvirkjun jafnframt að í stað þess að bora nýja borholu á borteig K-25, eins og áður hafði komið fram, hyggst hún nýta efri hluta borholu K-25, sem ekki skemmdist á sínum tíma og bora út úr henni á um 1200 m. dýpi nýjan vinnsluhluta á næsta ári. Þar með þarf ekki að stækka borteiginn sem neinu nemi, aðeins styrkja og jafna. Borteigur KJ-16 er innan skilgreinds iðnaðarsvæðis í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við flutning á rannsóknarholunni.

5. Fundargerð Samvinnunefndar um svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum dags. 8. nóv. Þar sem óskað er eftir samþykki sveitarstjórnar við fyrirbyggjandi svæðisskipulagstillögu, með þeim breytingum sem greint er frá í fundargerðinni.

Fyrir fundinum liggur fundargerð Samvinnunefndar frá 8. nóvember. Í fundargerðinni kemur fram að farið hafi verið yfir þær fimm athugasemdir sem bárust við tillöguna og þeim svarað. Skipulagstillagan var í auglýsingu frá 17. sept. – 30. okt. Samvinnunefndin leggur því til við sveitarfélögin fjögur sem að nefndinni standa að þau samþykki tillögu að svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslu með áorðnum breytingum. Sveitarstjórn samþykkir svæðisskipulagstillöguna eins og hún er lögð fram.

6. Deiliskipulag v/Dimmuborgir.

Á fundi sveitarstjórnar 23. ágúst s.l. var samþykkt deiliskipulagstillaga við Dimmuborgir. Vegna formgalla á afgreiðslunni er tillagan tekin fyrir að nýju. Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagstillöguna.

7. Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2007.

Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2007

Tekjur			
00-01	Staðgreiðsla	8.000.000	hækkun
00-06	Fasteignaskattur	3.000.000	hækkun
00-10	Jöfnunarsjóður	28.000.000	hækkun
		39.000.000	
Gjöld			
02.	Félagsþjónusta	400.000	hæ
04.	Fræðslumál	4.470.000	hæ
05.	Meningarmál	-	hæ
06.	Íþrótt- og æskulýðsmál	1.205.000	hæ
07.	Brunamál og almannavarnir	-	hæ
08.	Hreinlætismál	300.000	hæ
09.	Skipulags og byggmál	1.100.000	hæ
10.	Umferðar og samgöngumál	- 500.000	læ
11.	Umhverfismál	890.000	hæ
13.	Atvinnumál	1.050.000	hæ
21.	Sameiginlegur kostn	4.665.000	hæ
28.	Vextir af bankainnist.	- 2.700.000	hæ
		10.880.000	
31.	Íþróttamiðstöð	700.000	hæ
33.	Þjónustustöð	1.000.000	hæ
41.	Veitur	10.000.000	hæ
57.	leiguíbúðir	1.650.000	hæ
		13.350.000	

Gert er ráð fyrir að tekjur hækki um 39 milljónir umfram áður samþykka fjárhagsáætlun og skýrist það að stórum hluta af auknum greiðslum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Hækkun gjalda er töluvert minni en hækkun tekna þrátt fyrir að lagt væri í meiri framkvæmdir en fyrirhugað var. Reiknað er með að gjöldin vaxi um 24,2 milljónir frá áætlun. Samþykkt samhljóða.

8. Snorraverkefnið, styrkbeiðni.

Erindinu er hafnað.

9. Snow Magic, styrkbeiðni.

Borist hefur erindi frá Jónu Matthíasdóttur f.h. Snow Magic verkefnisins, þar sem óskað er eftir styrk kr. 100.000,- vegna opunarhátíðar Aðventudagskrár laugardaginn 24. nóvember n.k.

Sveitarstjórn samþykkir að verða við erindinu.

10. Ákvörðun útsvarsprósentu.

Lagt er til að útsvarsprósenta verði óbreytt 13,03%.

Samþykkt.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Margrét Hólm Valsdóttir,

Ingunn Guðbjörnsdóttir,

Kristján Stefánsson,

Dagbjört Bjarnadóttir,

Böðvar Pétusson.